

## Fyrirspurn

### til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um val á söluaðila raforku til þrautavara.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hve margir almennir notendur rafmagns hafa verið settir í viðskipti við söluaðila raforku til þrautavara, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1150/2019 frá því að reglugerðin tók gildi 18. desember 2019? Óskað er sundurliðunar eftir mánuðum.
2. Hver er markaðshlutdeild fyrirtækisins sem valið hefur verið söluaðili til þrautavara á smásölumarkaði raforku og hvernig hefur markaðshlutdeild þess breyst á tímabilinu 2018 til 2022?
3. Hve mikið hafa neytendur greitt fyrir raforku til þrautavara á sama tímabili, að meðaltali hver viðskiptavinur og samanlagt?
4. Hve mikið hefðu neytendurnir greitt fyrir rafmagn á sama tímabili ef söluaðili raforku til þrautavara hefði selt þeim rafmagn á sömu kjörum og almennum viðskiptavinum, að meðaltali hver viðskiptavinur og samanlagt?
5. Hvers vegna ákvað ráðherra, með reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1150/2019, að einu fyrirtæki skyldi veitt staða söluaðila raforku til þrautavara?
6. Hver er tilgangurinn með ákvæðum reglugerðarinnar um söluaðila raforku til þrautavara?
7. Hver er ábyrgð og hverjar eru skyldur söluaðila raforku til þrautavara?
8. Fór fram mat á samkeppnisáhrifum fyrirkomulagsins þegar reglugerðin var sett?
9. Hvernig samræmist það sjónarmiðum um jafnræði og virka samkeppni að stjórnvöld flytji þúsundir viðskiptavina á ári til eins fyrirtækis á samkeppnismarkaði að neytendum forspurðum og veiti fyrirtækinu þannig forgjöf umfram aðra aðila á markaði?
10. Hvers vegna eru ekki gerðar ríkari kröfur til söluaðila raforku til þrautavara, svo sem um að hann selji öllum viðskiptavinum sínum raforku á tilteknu verði eða verðbili meðan hann telst söluaðili til þrautavara eða að smásöluverð til þrautavaraviðskiptavina fylgi breytingum á heildsölukjörum á tímabilinu?
11. Hvernig samrýmast núgildandi reglur um val á söluaðila raforku til þrautavara lagaáskilnaðarreglum stjórnarskrár og lögmætisreglu stjórnsluréttar?
12. Hvernig er eftirliti Orkustofnunar með viðskiptaháttum fyrirtækja á smásölumarkaði með rafmagn háttáð vegna reglna um söluaðila til þrautavara?
13. Hver eru úrræði stjórnvalda til að bregðast við misnotkun á reglum um söluaðila til þrautavara?
14. Hver hafa viðbrögð Orkustofnunar, Neytendastofu og Samkeppniseftirlitsins verið við kvörtunum vegna vals á söluaðila raforku til þrautavara og vegna viðskiptahátta fyrirtækisins sem var valið?

15. Er fyrirkomulag við sölu raforku til þrautavara sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 1150/2019 sambærilegt við það sem er við lýði annars staðar á Norðurlöndum við sölu raforku til þrautavara? Ef ekki, í hverju felst munurinn?
16. Hafa stjórnvöld brugðist með einhverjum hætti við úrskurðum úrskurðarnefndar raforkumála í máli nr. 1/2020 og máli nr. 3/2020? Ef svo er, hvernig?

**Skriflegt svar óskast.**